



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

25. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 7. janúar 2025 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Gestir undir lið eitt voru Sandra Gunnarsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps og umsjónarmaður Grímsævintýra 2025, og María Huld Hilmarsdóttir, í stjórn Grímsævintýra.

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Borg í sveit/Grímsævintýri

Nefndin ræddi við Söndru og Maríu Huld um Grímsævintýri.

- a. Stefnt að því að hafa Grímsævintýri sömu helgi og í fyrra, þeas 23. ágúst. Endanlega ákveðið á aðalfundi Kvenfélagsins sem verður í febrúar.
- b. Peningurinn sem safnaðist fyrir markaðinn verður gefinn til Kvenfélagsins.
- c. Ákveðið að halda sameiginlegan undirbúningsfund um miðjan maí með fulltrúum sveitarfélagsins.
- d. Skráningarblað fyrir markaðinn verður undirbúið til að einfalda ferlið. Einnig verður boðið upp á aðstoð í gegnum síma.
- e. Gott væri að auglýsa viðburðinn meira. Aftur í Bændablaðinu og víðar. Auglýsa í úrvarpi.
- f. Leggja á herslu á að fá fólk úr nærsamfélaginu og sveitunum í kring til að koma og selja.
- g. Rætt um gerð á nýju merki og lukkudýri fyrir sveitarfélagið og Grímsævintýri.
- h. Rætt um möguleikana á að stækka daginn: opin fjós, opin fyrirtæki, ball um kvöldið eða jafnvel brekkusöng í nýju skíðabrekkunni á borg. Fundinum leist mjög vel á að hafa brekkusöng. Skoða viðburði fyrir börn um daginn. Þeir bændur sem taka á móti fólki fengju greitt fyrir það.
- i. Hafa samband við fyrirtæki og bændur á svæðinu fyrir sumarið til að ath hverjir vilji vera með. Svo minnt á um sumarið.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

- j. Fulltrúar nefndarinnar ætla að hvetja Sólheima til að vera með borð á markaðnum.
- k. Pétur athugar með teiknara fyrir hönnun á lukkudýri og merki.

2. Önnur verkefni Atvinnu- og Menningarnefndar á árinu

- a. 17. júní
 - i. Skemmtiatriði
Athuga með samvinnu með sveitarfélögun í kring með það að markmiði að fá stærra atriði og koma í veg fyrir afbókanir á síðustu stundu.
 - ii. Dagskrá 17. júní verður með svipuðu sniði og 2024.
 - iii. Formaður ætlar að tala við aðra formenn í uppsveitunum.

3. Fundartímar

Næsti fundur verður haldinn 11. febrúar í Félagsheimilinu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:45.